

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Blaðsíða 6

**Aðalfundur
STH**

Blaðsíða 8

**Aðalfundur
Framsýnar**

Blaðsíða 13

**Aðalfundur
Þingiðnar**



Forsíða

Að þessu sinni er forsíðu-myndin af ungum drengjum úr Vinnuskóla Húsavíkur sem eru að hefja sín fyrstu störf á vinnumarkaði. Það er stór stund í lífi fólks þegar það hefur störf á vinnumarkaði, ekki var annað sjá en þeir væru tilbúnir að takast á við framtíðina.

ÚTGEFENDUR

Þingið, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stettarfélag

HEIMILISFANG

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI

464 6600

NETFANG

kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA

www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR

Aðalsteinn Á Baldursson

Yfirlestur og ráðgjöf

Ósk Helgadóttir

Fréttabréfið er skrifað 2. júlí 2023

UPPLAG

1700

PRENTUN

Héraðsprent



STARFSMANNAFÉLAG
HÚSAVÍKUR

Fjölmenni í sumarkaffi

Framsýn stóð fyrir árlegu sumarkaffi í félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn í byrjun júní eins og gert hefur verið í aðdraganda sjómannadagsins mörg undanfarin ár. Íbúar staðarins ásamt nærsveitingum hafa verið mjög duglegir að mæta í sumarkaffið og svo var einnig nú, en um 70 til 80 gestir þáðu veitingar og áttu góða stund með forsvarsmönnum félagsins. Með kaffinu var boðið upp á konfekt og hnallþórur af allra bestu gerð, en það voru konur úr Kvenfélaginu Freyju á Raufarhöfn sem höfðu veg og vanda af tertubakstrinum. Framsýn þakkar rekstraraðilum Hnitbjarga, þeim Ingibjörgu Hönnu Sigurðardóttur og Gunnari Páli Baldurssyni fyrir afnotin af húsnæðinu og öllum þeim sem lögðu leið sína í sumarkaffið hjartanlega fyrir komuna. Meðfylgjandi myndir eru úr kaffiboðinu á Raufarhöfn.



Kynningar í boði

Töluvert hefur verið um að fulltrúar stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum hafi verið beðnir um að koma með fræðslu inn á vinnustaði á félagssvæðinu. Það er fræðslu um starfsemi stéttarfélaga og ákvæði kjarasamninga. Meðfylgjandi mynd var tekin þegar talsmaður Framsýnar var beðinn um að flytja erindi fyrir sumarstarfsmenn á Hvammi og HSN á Húsavík í byrjun sumars.



Laun ungmenna hækka

Framsýn óskaði nýlega eftir upplýsingum frá Norðurþingi og Þingeyjarsveit um hækkanir á launum ungmenna í Vinnuskólum sveitarfélaganna. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum samþykkti Reykjavíkurborg að hækka ekki laun ungmenna í Vinnuskóla Reykjavíkur milli ára sem er með miklum ólíkindum, reyndar til mikillar skammar fyrir ráðandi menn í borgarstjórn. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélögunum, Norðurþingi og Þingeyjarsveit, hafa þau ákveðið að hækka laun ungmenna í vinnuskólum sveitarfélaganna í samræmi við kjarasamningsbundnar hækkanir milli ára.



Þessi mikli meistari, Hans Egil Storheim, sér um að Skrúðgarðurinn á Húsavík sé vel við haldið ásamt öðrum öflugum starfsmönnum Norðurþings. Þeim sem sækja garðinn hefur fjölgað verulega á undanförunum árum ekki síst þar sem farþegaskipum sem heimsækja Húsavík fer sífellt fjölgandi með tilheyrandi farþegafjölda.

Ekkert smá hress – framtíðin björt

Á dögnum komu nemendur úr Vinnuskólanum á Húsavík í heimsókn til stéttarfélaganna. Tilgangurinn með heimsókninni var að fræðast um starfsemi stéttarfélaga og réttindi þeirra og skyldur á vinnumarkaði. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, tók vel á móti ungu gestunum sem tóku virkan þátt í kynningunni með fyrirspurnum og öðrum skemmtilegheitum. Heimsóknin var í alla staði mjög skemmtileg og rúmlega það. Ekki þarf að taka sérstaklega fram að kynning sem þessi er ekki síst mikilvæg fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði.



Unglingarnir sem komu í heimsókn til stéttarfélaganna voru ofur hress.

Ríkissamningurinn samþykktur

Þann 15. júní var gengið frá kjarasamningi milli Starfsgreinasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Framsýn á aðild að samningnum fyrir sína félagsmenn. Rafræn atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna stóð yfir dagana 16.-21. júní. Á kjörskrá hjá aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins voru 1.418 manns og var kjörsókn 24,26%. Já sögðu 92,44%, nei sögðu 4,65% og 2,91% tóku ekki afstöðu. Samningurinn var því samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta hjá þeim 18 aðildarfélögum sem standa að samningnum.

STH samþykkti kjarasamning

Aðildarfélög BSRB skrifuðu undir nýjan kjarasamning við Samband ísl. sveitarfélaga þann 10. júní sl. Í kjölfarið fór fram rafræn atkvæðagreiðsla um samninginn. Um skammtímasamning er að ræða sem er með gildistíma frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024. Samkvæmt samningnum þá hækka mánaðarlaun að lágmarki um 35.000 kr. og desemberuppbót á árinu 2023 verður 131.000 kr. Samkomulag náðist um sáttagreiðslu að upphæð 105.000 kr. Auk þess var samið um hækkun á lægstu launum og viðbótargreiðslur fyrir tiltekin starfsheiti. Samningurinn var samþykktur í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna STH.

Styrkir hækkaðir til félagsmanna

Vegna aðhalds í rekstri og góðrar afkomu Framsýnar samþykkti aðalfundur félagsins að stórhækka styrki úr sjúkrasjóði félagsins. Þannig vill félagið koma til móts við félagsmenn sem hafa fyrir eina bestu styrki úr sjúkra- og starfsmenntasjóðum sem þekkjast meðal almennra stéttarféлага á Íslandi.

Samþykkt var að hækka eftirfarandi bótaflokka í starfsreglum sjúkrasjóðs frá og með 1. júní 2023 fyrir félagsmenn á vinnumarkaði. Þá komi til hækkun á útfararstyrk aðstandenda félagsmanna sem falla frá eftir fimm ár frá því að þeir hættu að greiða félagsgjald til félagsins. Fram að þeim tíma hafa aðstandendur fullan rétt eins og viðkomandi hafi verið á vinnumarkaði þegar hann féll frá. Núverandi úthlutunarreglur verða þær sömu en hlutfall endurgreiðslna úr sjúkrasjóði taka þessum breytingum:

- Við andlát félagsmanns, sem ekki er á vinnumarkaði en var félagi við starfslok eiga aðstandendur hans rétt á endurgreiðslu allt að kr. 150.000,- vegna útfararkostnaðar í stað kr. 130.000,-. Með starfslokum er átt við að sjóðfélagar láti af stöfum vegna aldurs eftir 60 ára aldur eða viðkomandi félagsmaður hafi látið af stöfum vegna örorku.
- Endurgreiðslur til félagsmanna vegna heilsuefingar verði kr. 40.000,- í stað kr. 35.000,-.
- Fæðingarstyrkur hækki og verði kr. 160.000,-. Var áður kr. 150.000,-.
- Niðurgreiðslur til félagsmanna sem fara í glasafrjóvgun verði kr. 160.000,-. Var áður kr. 150.000,-.
- Styrkir til félagsmanna vegna aðgerða á augum verði kr. 70.000,-. Var áður kr. 60.000,-.
- Gleraugnastyrkur til félagsmanna verði kr. 70.000,-. Sama regla gildi fyrir þá sem kaupa sér linsur. Var áður kr. 60.000,-.
- Styrkur til félagsmanna vegna kaupa á heyrnartækjum verði kr. 100.000,-. Var áður kr. 80.000,-. Upphæðin getur samtals orðið kr. 200.000,- vegna kaupa á tveimur tækjum. Var áður kr. 160.000,-.

Rétt er að taka skýrt fram að þessar breytingar gilda jafnframt fyrir félagsmenn Þingiðnar.



Færðu Félagi eldri Mývetninga gjöf

Framsýn hefur í gegnum tíðina stutt við íþrótt- og menningarstarf á félagssvæðinu með því að leggja fjármagn í ýmis áhugaverð verkefni sem koma samfélaginu til góða á einn eða annan hátt. Eitt þeirra verkefna er í gangi þessa dagana og tengist Mývatnssveitinni fögru. Félag eldri Mývetninga hefur undanfarið unnið að því að koma upp bekkjum við hjólreiða- og göngustíg sem verið er að leggja umhverfis Mývatn. Verkefnið er unnið í samvinnu við Þingeyjarsveit og Vegagerðina. Eru bekkirnir frá Steinsmiðju Akureyrar, þeir eru algjörlega viðhaldsfríir, úr granít og í náttúruleitum sem falla vel að umhverfinu. Kveikjan að hugmyndinni er sú að gestir og gangandi sem leið eiga um stíginn hafi möguleika á að tylla sér niður og hvíla lúin bein og njóta þeirrar einstöku náttúruþerlu sem Mývatnssveitin sannarlega er. Framsýn samþykkti samhljóða að leggja þessu verðuga verkefni lið með því að fjárfesta í einum bekk um leið og Framsýn óskar Félagi eldri Mývetninga góðs gengis með þetta frábæra verkefni sem mun án efa koma flestum til góða, það er heimamönnum og öllum þeim fjölda ferðamanna sem leggja leið sína í eina fallegustu sveit landsins ef ekki fallegustu sveit landsins.



STH - Afmælistöskur í boði

Félagsmönnum Starfs-
mannafélags Húsavíkur
stendur til boða að koma við
á Skrifstofu stéttarfélaganna
og þiggja ferðatösku að gjöf
frá félaginu þar sem það
fagnar 60 ára afmæli um
þessar mundir. Til viðbótar
má geta þess að félagið
stefnir að því að halda upp
á afmæli félagsins með
veglegum hætti síðar á
árinu.



Félagsmenn með 10% afslátt hjá Frumherja

Framsýn er með samning við Frumherja um að félagsmenn fái 10% afslátt við skoðun á ökutækjum. Til þess að virkja afsláttinn þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og nálgast afsláttarmiða sem þeir framvísa við skoðun hjá Frumherja. Einnig er hægt að senda staðfestingu á því í netpósti að menn séu félagsmenn. Samkomulag Framsýnar gildir einnig fyrir félagsmenn Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur.



Góðir námsstyrkir í boði

Félagsmönnum stéttarfélaganna, Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur bjóðast góðir námsstyrkir. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Júlía Rós S. Róbertsdóttir er ein af þeim öflugum ungu starfsmönnum sem starfar hjá Norðurþingi í sumarvinnu. Hún stefnir að því að fara erlendis í haust og hefja nám í dýralækningum.

Falleg kveðja frá Stórutjarnaskóla

Framsýn færði nýlega Tónlistardeild Stórutjarnaskóla gjöf vegna aðkomu nemenda skólans að hátíðahöldunum 1. maí sem fram fóru á Fosshótel Húsavík á baráttudegi verkafólks. Félaginu hefur borist þakkarbréf þar sem fram kemur þakklæti fyrir höfðinglega gjöf sem beri vott um hlýhug gefanda. Fram kemur að búið er að fjárfesta í fiðlu og cajontrommu sem mun nýtast tónlistarnemum skólans afar vel að sögn stjórnenda skólans um leið og óskað er eftir áframhaldandi farsælu samstarfi.



Allt í himnalagi

Aðalfundur Húsfélagsins í Þorrasölum 1-3 var haldinn í apríl. Á fundinum kom fram mikil ánægja með rekstur húsfélagsins og starfseminu á umliðnu starfsári. Stjórn félagsins kom að ýmsum málum sem fylgir rekstri húsfélaga. Sem dæmi má nefna að nýlega var komið upp hleðslukerfi fyrir rafbíla og í sumar verður fjölbýlishúsið málað. Áætlað er að það kosti um 16 milljónir. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, hefur verið stjórnarformaður og var hann endurkjörinn á fundinum. Með honum í stjórn er öndvegisfólk sem býr í Þorrasölum. Stéttarfélagin, Þingið og Framsýn eiga 5 íbúðir í húsinu. Í heildina eru 32 íbúðir í fjölbýlishúsinu.



STH stofnar vinnudeilusjóð og hækkar styrki

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur var haldinn í lok maí. Fundurinn var að venju líflegur enda mörg mál á dagskrá fundarins. Hermína Hreiðarsdóttir var endurkjörin sem formaður félagsins. Reyndar var sitjandi stjórn endurkjörin. Samþykktar voru verulegar breytingar á lögum félagsins. Stofnaður var vinnudeilusjóður með sérstöku framlagi kr. 500.000,-. Þá var gengið frá starfsreglum fyrir vinnudeilusjóðinn og ferðasjóð félagsins. Auk þess voru samþykktar úthlutunarreglur fyrir heilsueflingarstyrk sem félagsmönnum stendur til boða hjá félaginu enda hafi þeir þegar notað þann rétt sem þeir eiga í Styrktarsjóði BSRB. Þá gekk rekstur félagsins vel á árinu enda starfið innan félagsins um þessar mundir með miklum ágætum.



Fullgildir félagsmenn:

Fullgildir félagsmenn í Starfsmannafélagi Húsavíkur þann 31. desember 2022 voru 107, það er þeir sem greiddu til félagsins 2022. Það er 38 karlar og 69 konur. Þess ber að geta að fjöldi virkra félagsmanna STH sem greiddu í félagsjóð í janúar 2023 voru 76 en voru 81 á sama tíma í fyrra. Félagsmönnum hefur því fækkað aðeins milli ára.

Fjármál:

Félagsgjöld og iðgjöld ársins 2022 námu kr. 13.134.738,- en voru kr. 13.091.405,- árið á undan. Rekstrargjöld voru kr. 11.214.580,- og lækkuðu því lítillega milli ára. Fjármunatekjur voru kr. 1.046.576,- samanborið við kr. 186.024,- árið á undan. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 5.705.534,- samanborið við kr. 4.559.429,- tekjuafgang frá fyrra ári. Heildareignir í árslok voru kr. 80.712.792,- og eigið fé nam kr. 79.019.134,-. Hefur það aukist um 7,8% frá fyrra ári. Rekstur Skrifstofu stéttarfélaganna gekk vel á síðasta ári. Þátttaka Starfsmannafélagsins í rekstrarkostnaði nam kr. 2.656.994,-.

Orlofsmál:

Aðildarfélag Skrifstofu stéttarfélaganna eiga mjög gott samstarf um orlofsmál. STH á eina íbúð í Sólheimum og gengur rekstur hennar vel. Stjórnin hefur haft til skoðunar að selja íbúðina og kaupa aðra í hennar stað.

Auk íbúðarinnar í Sólheimum á félagið eitt orlofshús á Eiðum, en líkt og með íbúð félagsins í Sólheimum hefur rekstur orlofshússins gengið vel. Þá fengu 7 félagsmenn endurgreiðslur vegna dvalar á tjaldsvæðum samkvæmt reglugerð orlofssjóðs eða alls kr. 148.105,-.

Fræðslumál og heilsurækt:

Á síðasta ári voru greiddir 12 styrkir til félagsmanna úr sjóðnum til náms/námskeiða samtals kr. 810.901,-. Þá fengu félagsmenn greiddar kr. 110.000,- í heilsustyrki frá félaginu.

Kjaramál:

Stjórn STH fór í að móta kröfugerð félagsins sem var lögð fram á fundi sem BSRB stóð fyrir á Laugabakka í nóvember á síðasta ári um kjaramál og kröfugerð gagnvart ríki og sveitarfélögum. Þann 31. mars 2023 skrifaði Starfsmannafélag Húsavíkur ásamt öðrum starfsmannafélögum undir samkomulag við fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs um framlengingu og breytingar á kjarasamningi aðila. Samningurinn nær til 14 aðildarféлага BSRB og þar á meðal STH. Um skammtímasamning er að ræða sem er með gildistíma frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024. Kjarasamningurinn var samþykktur í atkvæðagreiðslu. Viðræðurnar við Samband ísl. sveitarféлага gengu ekki eins vel. Svo fór að boðað var til verkfalla til að knýja á um gerð kjarasamnings. Að endingu var skrifað undir kjarasamning sem var samþykktur í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna STH.

Atvinnumál og vinnustaðaeftirlit:

Atvinnuástandið hjá félagsmönnum hefur almennt verið með miklum ágætum. Ekki er að sjá að sveitarfélögin á svæðinu muni draga úr starfsemi á komandi árum. Því ætti atvinnuástandið að haldast áfram gott.

Félagsgjaldið óbreytt:

Á aðalfundinum var samþykkt að félagsgjaldið verði óbreytt milli ára, það er 1% af launum félagsmanna.



Heilsueflingarstyrkurinn hækkaður:

Samþykkt var að hækka heilsueflingarstyrk félagsins. Það er að hann hækki til félagsmanna á ársgrundvelli úr kr. 10.000,- í kr. 17.000,-.

Kosið í stjórnir og ráð:

Guðrún Ósk Brynjarsdóttir og Helga Þuríður Árnadóttir voru tilnefndar í stjórn Vinnudeilusjóðs sem var stofnaður á fundinum. Með þeim í stjórn verður formaður félagsins á hverjum tíma. Kosið var um formann, ritara og varamann til tveggja ára samkvæmt lögum félagsins. Sömu aðilar og verið hafa í þessum embættum gáfu kost á sér áfram,

það er Hermína Hreiðarsdóttir, Bergljót Friðbjarnardóttir og Berglind Erlingsdóttir. Fyrir í stjórn voru Fanney Hreinsdóttir og Sýlvía Ægisdóttir en kosið verður um þær á aðalfundi félagsins á næsta ári, þar sem kjörtímabil stjórnar eru tvö ár. Þá var samþykkt að Sveinn Hreinsson, Arna Þórarinsdóttir og Guðrún Ósk Brynjarsdóttir verði í orlofs- og starfskjaranefnd félagsins fyrir starfsárið 2023. Fanney Hreinsdóttir, Arna Þórarinsdóttir og Eyrún Sveinsdóttir voru kjörnar í Ferðanefnd félagsins og Bergljót Friðbjarnardóttir og Hermína Hreiðarsdóttir í stjórn starfsmenntasjóð félagsins. Norðurþing tilnefnir síðan sína fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Notaleg stund í kirkjugarðinum

Á sjómannadaginn fór fram helgistund í kirkjugarðinum á Húsavík við minnisvarðann um týnda menn. Kirkjukórinn söng nokkur lög undir stjórn Attila og sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir flutti hugvekjandi tilefni dagsins, auk þess að leiða þessa fallegu stund í góða veðrinu. Blómsveigur frá Björgunarsveitinni Garðari til minningar um látna sjómenn var lagður að minnisvarðanum. Það gerði Aðalsteinn Árni Baldursson. Hér má sjá mynd frá athöfninni í kirkjugarðinum á sjómannadaginn, degi minninga og fyrirbæna, og hátíð samstöðu og samhugar með þeim sem sóttu og sækja enn sjó og fjölskyldum þeirra.



Unnið að lagfæringum í Kröflu

Undanfarið hefur verið unnið að lagfæringum á Kröflustöð sem er 60MW jarðgufuvirkjun á háhitasvæðinu við Mývatn. Krafla er jafnframt fyrsta stórvirkjun jarðgufu til rafmagnsframleiðslu á Íslandi en áður var byggð 2,5 MW jarðgufustöð í Bjarnarflagi. Kröflustöð er rekin af Landsvirkjun. Félagsmenn Framsýnar starfa m.a. hjá Landsvirkjun, þar á meðal Stefán Stefánsson sem jafnframt er öflugur trúnaðarmaður starfsmanna.



Fosshótel Mývatn til fyrirmyndar

Fulltrúar Framsýnar heimsóttu starfsmenn á Fosshótel Mývatn í byrjun sumars. Tilgangur heimsóknarinnar var að fræða starfsmenn um helstu atriði þess kjarasamnings sem þeir starfa eftir auk þess að fara yfir starfsemi stéttarféлага. Ósk þess efnis kom frá forsvarsmönnum hótelsins. Eftir góða samverustund var jafnframt gengið frá kjöri á trúnaðarmanni starfsmanna. Kosningu hlaut Lukasz Wasowicz. Með honum á myndinni eru samstarfsmenn hans á hótelinu. Joaquim Navarro hóteltjóri og Carlos Jané Echazarreta vara trúnaðarmaður.



Ánægðir með ferðaávísunina

Ljóst er að félagsmenn stéttarfélaganna eru duglegir við að notast við afsláttarkjör sem þeim bjóðast með kaupum á ferðaávísunum á heimasíðu félaganna, www.framsyn.is. Á árinu 2022 fengu félagsmenn um 2 milljónir í styrki frá félögunum í gegnum kaup á ferðaávísunum. Það er fyrir utan afsláttinn sem félögin höfðu áður samið um við ferðapjónustuaðila víðs vegar um landið og tilteknið eru inn á orlofsvef stéttarfélaganna undir þeim hótélum sem samið hefur verið við um þessi afsláttarkjör. Á hverju ári stendur félagsmönnum til boða 20.000 kr. ferðaávísun hjá félögunum. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Aðalfundur Framsýnar 2023 – fréttannáll

Líflegur og skemmtilegur aðalfundur

Aðalfundur Framsýnar fór fram 25. maí í fundarsal félagsins. Mætingin var góð og líflegar umræður urðu um málefni félagsins. Í ljósi þess að rekstur félagsins hefur gengið vel var ákveðið að auka frekar styrki til félagsmanna í gegnum sjúkrasjóð félagsins. Mikil ánægja kom fram á fundinum með rekstur félagsins. Með því að fara inn á heimasíðu félagsins er hægt að lesa um málefni fundarins, hér má jafnframt lesa um helstu málefni fundarins.

Aðhald í rekstri skilar sér til félagsmanna

Fjárhagsleg afkoma félagsins var góð á árinu 2022. Greiðandi félagsmönnum fjölgaði töluvert milli ára enda eftirsóknarvert að vera félagsmaður í einu öflugasta stéttarfélagi landsins. Rekstrarafgangur var af öllum sjóðum félagsins nema fræðslusjóði. Þess ber að geta að Fræðslusjóður Framsýnar hefur ekki fastar tekjur en veitir félagsmönnum viðbótarstyrki til starfsmenntunar þegar rétti þeirra er lokið úr kjarasamningsbundnum fræðslusjóðum s.s. Landsmennt, Ríkismennt, Sveitamennt, Sjómennt og Fræðslusjóði verslunarmanna. Ekki er lagt upp með að Skrifstofa stéttarfélaganna skili hagnaði enda skal rekstur hennar skiptast á Framsýn, Þingið og STH. Rekstrartekjur félagsins námu kr. 345,8 milljónum sem er hækkun um 20% milli ára. Þessi hækkun skýrist fyrst og fremst af hærri iðgjaldtekjum. Félagsgjöld og iðgjöld námu kr. 295 milljónum 2022 á móti kr. 241 milljónum á árinu 2021 sem er hækkun upp á um 22%. Rekstrargjöld hækka um 34,5% á milli ára en þau námu kr. 248,2 milljónum 2022. Þessi hækkun er einkum tilkomin vegna greiðslna úr sjúkrasjóði til félagsmanna sem eru stærsti einstaki útgjaldaliður Framsýnar fyrir utan laun og launatengd gjöld. Greiðslur úr sjúkrasjóði hækkuðu um 33 milljónir samanborið við 2021. Rekstur skrifstofunnar gekk vel á síðasta ári. Þátttaka Framsýnar í rekstrarkostnaði nam kr. 55 milljónum. Þingið og Starfsmannafélag Húsavíkur greiddu saman rúmar kr. 6 milljónir til rekstursins. Fjármagnstekjur námu kr. 128 milljónum en voru 71 milljón á árinu 2021. Í lok árs 2020 var samið við Motus um að sjá um innheimtu gagnvart þeim sem ekki standa í skilum við félagið. Að auki hefur verið lögð áhersla á að koma

sem flestum greiðendum í kröfur í stað millifærslna. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og innheimtumál Framsýnar því í góðum málum.

Félagið aðstoðaði flóttafólk frá Úkraínu

Því miður geisar stríð í Úkraínu þar sem stríðsglæpamaður frá Rússlandi heldur heilli þjóð í heljargreipum með skelfilegum afleiðingum fyrir land og þjóð. Reyndar fyrir heimsbyggðina alla. Hörmungarnar hafa ratað inn á borð Framsýnar. Félagið kom að því að leggja flóttafólki frá Úkraínu til íbúð í Asparfelli í Reykjavík í gegnum hjálpar-samtök. Mæðgur með lítið barn frá Úkraínu fluttu inn í íbúðina 1. maí 2022 sem er táknrænt enda ber dagurinn upp á alþjóðlegan baráttudag verkafólks. Flóttafólkið var í íbúðinni til 1. mars 2023. Félaginu hafa borist kærar kveðjur frá flóttafólkinu fyrir hjálpinu á erfiðum tímum.

21 milljón í námsstyrki til félagsmanna

Framsýn er mjög umhugað um starfsmenntun félagsmanna. Á árinu 2022 fengu 327 félagsmenn greiddar kr. 21.394,858,- í einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða. Fræðslusjóðirnir eru fjármagnaðir með framlögum frá fyrirtækjum, sveitarfélögum og ríkisstofnunum sbr. ákvæði þar um í kjarasamningum. Það á þó ekki við um Fræðslusjóð Framsýnar sem hefur ekki fastan tekjustofn.

Öflug þjónusta á vegum VIRK

Með samvinnu Virk – starfsendurhæfingarsjóðs og stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum hefur verið rekin öflug þjónusta- og ráðgjafaskrifstofa Virk frá árinu 2009. Markmið Virk er að draga úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna heilsubreysts. Þjónusta við einstaklinga felst í persónulegri ráðgjöf og hvatningu, samvinnu um áætlun um eflingu starfsgetu og endurkomu á vinnumarkað, vali á endurhæfingarúrræðum í samvinnu við einstakling og fagfólk og leiðbeiningum um réttindi, framfærslu og þjónustu.





Mikilvægt að byggja upp leiguhúsnæði fyrir tekjulága

Framsýn og sveitarfélagið Norðurþing stóðu fyrir fundi á starfsárinu með Birni Traustasyni framkvæmdastjóra leigufélagsins Bjargs (sem er í eigu ASÍ og BSRB) um hugsanlegt samstarf um uppbyggingu á leiguhúsnæði í sveitarfélaginu. Mikil vöntun er á leiguhúsnæði á Húsavík fyrir tekjulágt fólk, en Bjarg íbúðafélag er sérsniðið að tekjulágum einstaklingum á vinnumarkaði sem eiga hvað erfiðast með að komast í leiguhúsnæði á almenna húsnæðismarkaðinum vegna lágra tekna. Stóð vilji fundarmanna til að þróa samtalið áfram með uppbyggingu á Húsavík. Framsýn mun fylgja málinu eftir enda mikilvægt að auka framboð á svæðinu fyrir þá sem þurfa á leiguhúsnæði að halda á viðráðanlegu verði.

Félagsgjaldið óbreytt

Félagsgjaldið í Framsýn hefur verið óbreytt til fjölda ára. Til að öðlast full félagsréttindi þurfa félagsmenn að greiða félagsgjald samkvæmt ákvörðun aðalfundar á hverjum tíma, nú 1% af heildarlaunum enda séu þeir á vinnumarkaði. Jafnframt var samþykkt að lágmarksfélagsgjaldið vegna ársins 2023 verði sem svarar til 0,3% af byrjunarlaunum 18 ára afgreiðslufólks, samkvæmt launataxta LÍV-SA sem Framsýn á aðild að á hverjum tíma.

Fjölmargir orlofskostir og niðurgreiðslur í boði

Á síðasta ári dvaldi fjöldi félagsmanna ásamt fjölskyldum í orlofshúsum, orlofsíbúðum, á tjaldsvæðum og hótelum á vegum félagsins. Veruleg ásókn er í orlofshúsin en félagið niðurgreiðir orlofsdvöl félagsmanna sem auðveldar fólki að njóta orlofsdvalar á vegum stéttarfélaganna. Ekki er óalgengt að niðurgreiðslurnar séu um kr. 45.000 fyrir viku dvöl í þeim húsum sem félagið er með á leigu

hjá ferðapjónustuaðilum. Þá fengu 86 félagsmenn endurgreiðslur vegna dvalar á tjaldsvæðum eða alls kr. 1.441.806,-. Jafnframt gafst félagsmönnum kostur á að kaupa gistimiða og ódýr flugfargjöld með Flugfélaginu Erni á flugleiðinni Húsavík – Reykjavík. Verðið hefur undanfarið verið kr. 15.000,- per flugmiða. Framsýn gekk frá samningi við Icelandair um afsláttarkjör fyrir félagsmenn fljúgi þeir með flugfélaginu milli landa. Samningurinn felur í sér að flugfélagið veitir félagsmönnum 10% afslátt frá fullu verði í gegnum orlofsvef félagsins. Á móti niðurgreiðir stéttarfélagið flugmiðana til félagsmanna. Þá stendur félagsmönnum einnig til boða íbúð á Spáni.

Virkt vinnustaðaeftirlit

Stéttarfélagin, Þingið og Framsýn, hafa frá árinu 2016 rekið öflugt vinnustaðaeftirlit á félagssvæðinu. Um tíma voru félagin með sérstakan mann í eftirlitinu. Í heimsfaraldrinum var starfið lagt niður tímabundið. Félagin hafa nú endurráðið í starfið. Hugmyndin er að tveir starfsmenn sinni starfinu í hlutastörfum með öðrum störfum á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þannig vilja stéttarfélagin halda úti öflugu vinnustaðaeftirliti í fullu samráði við helstu eftirlitsaðila í Þingeyjarsýslum. Mikið hefur verið lagt upp úr góðu samstarfi við aðrar eftirlitsstofnanir. Í því sambandi hafa stéttarfélagin átt sérstaklega gott samstarf við Vinnueftirlitið. Heilt yfir er ástand vinnumarkaðarins á starfssvæðinu gott varðandi réttindi og kjör félagsmanna. Vitaskuld hafa annað slagið komið upp mál sem krefjast viðbragða, hjá því verður ekki komist. Enn fremur er ljóst að gott ástand vinnumarkaðarins gerist ekki að sjálfu sér. Enginn vafi er á því að ef eftirlit og aðhald stéttarfélaganna væri ekki til staðar myndi ástandið versna til muna.

Vantar fólk og húsnæði

Á árinu 2022 var atvinnuástandið á félagssvæði Framsýnar með miklum ágætum enda flestar atvinnugreinar búnar að ná sér eftir heimsfaraldurinn. Eins og staðan er í dag vantar starfsfólk til starfa í flestar atvinnugreinar. Kjölfestan í atvinnumálum í Þingeyjarsýslum hefur verið ferðapjónusta, iðnaður, sjávarútvegur, landbúnaður og opinber þjónusta. Framsýn hefur átt gott samstarf við Vinnumálastofnun um að veita atvinnuleitendum á félagssvæðinu góða þjónustu. Hvað það varðar hafa aðildarfélag Skrifstofu stéttarfélaganna lagt starfsmanni



Vinnuálastofnunar til skrifstofu að kostnaðarlausu en stofnunin hefur séð um að greiða starfsmanninum laun. Núverandi starfsmaður hefur bæði starfsstöðvar á Akureyri og Húsavík. Það er, hann er í hlutastarfi á Húsavík. Það sem stendur atvinnulífnum fyrir þrífum á svæðinu er vöntun á starfsmönnum og íbúðarhúsnæði.

PCC greiðir mest til félagsins

Fyrirtækið PCC BakkiSilicon hf. greiddi mest allra atvinnurekenda í iðgjöld til Framsýnar árið 2022 eða samtals um kr. 34,6 milljónir, það er heldur meira en sveitarfélagið Norðurþing. Árið 2021 greiddi Sveitarfélagið Norðurþing mest allra fyrirtækja eða um 25,7 milljónir. Innifalið í upphæðinni eru félagsgjöld starfsmanna og lögbundin iðgjöld atvinnurekenda í sjóði Framsýnar og í starfsmenntasjóði atvinnulífsins. Stærstu greiðendur iðgjalda til Framsýnar 2022 eftir röð:

PCC BakkiSilicon hf.
Sveitarfélagið Norðurþing
GPG. Seafood ehf.
Þingeyjarsveit
Hvammur, heimili aldraðra

93 milljónir í greiðslur til félagsmanna

Á árinu 2022 voru 1.477 styrkir greiddir úr sjúkrasjóði félagsins en voru 1.226 árið 2021. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja kr. 93.031.180,-. Sama upphæð fyrir árið á undan var kr. 59.943.190,-. Samkvæmt þessari niðurstöðu er veruleg hækkun á styrkjum úr sjóðnum milli ára eða um 55%.

Félagsmönnum fjölga og fjölga

Alls greiddu 3.016 launamenn til Framsýnar á árinu 2022 en greiðandi félagar voru 2.731 árið 2021. Greiðandi félagsmönnum Framsýnar fjölgaði því umtalsvert milli ára sem staðfestir að atvinnulífið er að taka við sér eftir heimsfaraldurinn auk þess sem mikil ásókn er í félagið enda félagið eitt öflugasta stéttarfélag landsins. Án efa á félagsmönnum eftir að fjölga enn frekar á komandi árum. Af þeim sem greiddu félagsgjald til Framsýnar á síðasta ári voru 1.843 karlar og 1.173 konur, sem skiptist þannig að konur eru 39% og karlar 61% félagsmanna. Athygli vekur að karlmönnum heldur áfram að fjölga á kostnað kvenna. Hér á árum áður var kynjaskiptingin nánast jöfn. Vissulega hefur það áhrif að starfsmenn PCC á Bakka eru í miklum meirihluta karlmenn, en verksmiðjan hóf starfsemi 2018. Þá virðist sem erlendum karlmönnum í ferðapjónustu sé einnig að fjölga umfram það sem verið hefur undanfarin ár. Full ástæða er til að greina þessa þróun betur enda áhugaverð. Um síðustu áramót voru gjaldfrjálsir félagsmenn samtals 302, það eru aldraðir og öryrkjar sem ekki eru á vinnuþarfaði. Á hverjum tíma falla um 10% félagsmanna undir þessa skilgreiningu. Fjölmennustu hóparnir innan Framsýnar starfa við matvælaframleiðslu, ferðapjónustu, almenn verslunarstörf, iðnað og hjá ríki og sveitarfélögum. Félagsmenn Framsýnar stéttarfélags voru

samtals 3.318 þann 31. desember 2022, það er greiðandi og gjaldfrjálsir félagsmenn.

Framsýn ung í góðum málum

Framsýn leggur mikið upp úr því að halda uppi öflugum starfi innan félagsins er viðkemur ungum félagsmönnum. Innan félagsins er starfandi ungliðaráð. Ráðið skipa: Guðmunda Steina Jósefsdóttir, Elva Héðinsdóttir og Sunna Torfadóttir. Guðmunda Steina er núverandi formaður Framsýnar-ung. Ungliðarráðið hefur verið virkt og tekið þátt í fundum stjórnar og trúnaðarráðs félagsins auk þess að sitja ungliðafundi á vegum Starfsgreinasambands Íslands og Alpýðusambands Íslands.



Skrifað undir sérkjarasamning

Í byrjun apríl skrifuðu fulltrúar Framsýnar og Samtaka atvinnulífsins undir sérkjarasamning fyrir starfsmenn við störf á farþegabátum í ferðapjónustu frá Húsavík. Um er að ræða framlengingu á gildandi samningi fyrir starfsmenn við fugla og hvalaskoðun. Samningurinn sem tekur mið af hækkanum í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins er afturvirkur og gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024. Samningurinn ber með sér að launaliður samningsins hækkar en aðrir liðir úr kröfugerð Framsýnar verða teknir til umræðu eigi síðar en í október nk.





Þessar þrjár koma að Kaffi Kvíabekk í Skrúðgarðinum þar sem boðið er upp á heimsins bestu vöflur og kaffi á góðviðrisdögum. Þetta eru þær, Valdís Birna Daniëlsdóttir, Bryndís Edda Benediktsdóttir og Anna María Bjarnadóttir. Skorað er á fólk að líta við hjá þeim og njóta veitinga í fallegu umhverfi og góðum félagskap.

Fróðleiksfúsir nemendur á Stórutjörnum

Fulltrúar frá Framsýn voru beðnir um að vera með kynningu um vinnumarkaðinn og starfsemi stéttarféлага fyrir nemendur í elstu árgöngunum í Stórutjarnaskóla. Skólinn er samrekin sem leik- grunn- og tónlistarskóli með um 40 nemendur frá eins árs til 16 ára aldurs. Skólinn er jafnframt Grænfánaskóli og Heilsuefandi skóli. Kynningin gekk vel og voru nemendur fróðleiksfúsir um réttindi og skyldur fólks á vinnumarkaði en þau verða fljótlega fullgild á vinnumarkaði. Það var Kristján Ingi Jónsson starfsmaður stéttarfélaganna sem fór fyrir fræðslunni og svaraði spurningum nemenda.



Velheppnuð starfslokanámskeið

Framsýn, í samvinnu við Þekkingarnet Þingeyinga stóð nýlega fyrir starfslokanámskeiðum á Breiðumýri og á Húsavík. Starfslok þarf að undirbúa vel, enda margt sem breytist þegar vinnan sem svo lengi hefur skapað rammann um daglegt líf fólks er ekki lengur til staðar. Það eru eðlilega margar spurningar sem brenna á einstaklingum þegar fer að líða að því að þeir hætta á vinnumarkaði. Starfslok snúast ekki eingöngu um það að hætta að vinna. Það eru margir aðrir þættir sem skipta einnig máli og á námskeiðinu var boðið var upp á fróðleg erindi og fræðslu í tengslum við þessi stóru tímamót í lífi einstaklinga. Fyrirlesarar komu víða að. Dögg Stefánsdóttir lífsþjálfari flutti erindi sem hún nefndi: Kúntin að hætta vinna og kom þar inn á andlega vellíðan og lífið eftir vinnu. Hrefna Regína Gunnarsdóttir sjúkrálfari flutti einnig erindi um heilsu eldra fólks og tók þar fyrir líkamlega heilsu þessa aldurshóps. Þá var kynning á starfi félaga eldri borgara í Þingeyjarsveit, en þau félög eru tvö í sveitarfélaginu. Ingvar Vagnsson formaður Félags eldri borgara í Þingeyjarsveit sagði frá starfi félagsins og Ásdís Illugadóttir formaður Félags eldri Mývetninga greindi frá því helsta sem er á döfinni hjá þeim. Einnig fór Ósk Helgadóttir varaformaður Framsýnar yfir það skipulagða félagsstarf sem verið hefur á vegum Þingeyjarsveitar í vetur, en það fer fram á þremur stöðum í þessu víðfeðma sveitarfélagi, í Reykjaví, Stórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla. Síðastar á mælendaskrá voru svo fulltrúar Lsj. Stapa, þær Jóna Finndís Jónsdóttir og Kristín Hilmarsdóttir sem fluttu mjög fróðlegt erindi um lífeyrisréttindi. Þátttakendur voru mjög ánægðir með námskeiðið og töldu það gagnlegt. Þess má geta að námskeiðin voru öllum opin og þeim að kostnaðarlausu enda í boði Framsýnar.



Gengið frá kjarasamningi við Landsvirkjun

Starfsgreinasamband Íslands fh. aðildarfélag sambandsins gengu frá skammtímasamningi við Landsvirkjun í byrjun apríl. Framsýn kom að þessari vinnu enda með þrjár virkjanir á félagssvæðinu sem falla undir samninginn, Þeistareykjavirkjun, Kröflu og Laxárvirkjun. Samningurinn gildir afturvirkir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 og byggir á kjarasamningi SGS og SA sem undirritaður var 3. desember síðastliðinn.




Stóriðjuskóli í burðarliðnum

PCC og stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum stefna að því að stofna Stóriðjuskóla fyrir starfsmenn fyrirtækisins sem hefji starfsemi haustið 2024. Mikill vilji er meðal samstarfsaðila að láta hugmyndina verða að veruleika í fullu samráði við fræðsluaðila á svæðinu, framhaldsskóla og Þekkingarnet Þingeyinga. Þá verði hugað að því að auðvelda starfsmönnum fyrirtækisins að sækja sér frekari fræðslu. Viðræður aðila, stéttarfélaganna og PCC, eru á byrjunarstigi en áætlað er að funda um verkefnið á næstu dögum.



Framsýn mótmælir skertri þjónustu

Allt bendir til þess að Vinnumálastofnun muni loka fyrir þjónustu við atvinnuleitendur á Húsavík á næstu vikum sem eru slæm tíðindi. Í október 2020 óskaði Framsýn eftir samstarfi við Vinnumálastofnun sem byggði á því að stéttarfélagin legðu til aðstöðu fyrir starfsmann stofnunarinnar á Skrifstofu stéttarfélaganna endurgjaldslaust og Vinnumálastofnun bæri ábyrgð á starfsmanninum og greiddi honum laun. Frá þeim tíma hefur starfsmaðurinn verið við störf á Húsavík í fullu starfi, síðar í hlutastarfi auk þess að gegna störfum á Akureyri með starfinu á Húsavík. Starfsmaðurinn mun láta af störfum síðar í sumar. Eins og staðan er í dag bendir ekkert til þess að ráðið verði aftur í starfið. Stjórn Framsýnar hefur samþykkt að fela formanni að hafa samband við Vinnumálastofnun og krefjast þess að stofnunin haldi áfram úti þjónustu á Húsavík.



Heiðar Smári Þorvaldsson er klár í flest enda góður verkmaður. Hér má sjá hann við störf í Skróðgarðinum á Húsavík.

Í fréttum er þetta helst!

Aðalfundur Þingiðnar fór fram í lok maí. Að venju var farið yfir skýrslu stjórnar og þá var samþykkt að auka greiðslur til félagsmanna úr sjúkrasjóði þar sem reksturinn hefur gengið vel. Það er til samræmis við samþykkt aðalfundar Framsýnar og getið er um í Fréttabréfinu. Þá var einnig samþykkt að gera smávægilegar breytingar á lögum félagsins, það er að útvíka félagssvæðið í takt við önnur iðnaðarmannafélög.

Fjöldi félagsmanna:

Félagsmenn í Þingiðn voru samtals 124 þann 31. desember 2022, það er greiðandi félagar, öryrkjar og aldraðir sem áður greiddu til félagsins. Greiðandi fullgildir félagsmenn voru 104. Þess ber að geta að nú er aftur komið jafnvægi á fjölda félagsmanna eftir stórframkvæmdirnar á liðnum árum sem tengdust uppbyggingunni á Bakka. Töluvert hefur verið um nýbyggingar á félagssvæðinu sem tryggt hefur gott atvinnuástand meðal iðnaðarmanna. Reyndar er vöntun á iðnaðarmönnum til starfa.

Reksturinn í góðum gir:

Félagsgjöld og iðgjöld ársins 2022 námu kr. 17.601.653,- sem er 17,5% hækkun frá fyrra ári. Heildartekjur námu kr. 20.730.939,- og hækkuðu um sömu prósentu. Rekstrargjöld voru kr. 20.977.605,- og lækkuðu um 11,8% frá síðasta ári. Þar ræður mestu bætur og styrkir sem lækkuðu umtalsvert á milli ára. Á árinu 2022 námu þær kr. 8.169.819,- þar af úr sjúkrasjóði kr. 6.620.793,- sem er um 34,6% lækkan frá 2021 og skýrist fyrst og fremst af lægri greiðslum sjúkradagpeninga til félagsmanna. Árið 2022 voru alls greiddir úr sjúkrasjóði 69 styrkir eða sjúkradagpeningar til félagsmanna. Árið áður voru greiddir 72 styrkir. Fjármagnstekjur hækkuðu úr kr. 7.223.637,- árið 2021 í kr. 14.287.573,- árið 2022 sem gerir um 98% hækkun. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 14.040.907,- en hann var kr. 1.092.593,- árið áður. Heildareignir í árslok voru kr. 276.125.376,- og eigið fé nam kr. 265.558.024,- og hefur það aukist um 5,6% frá fyrra ári. Rekstur Skrifstofu stéttarfélaganna gekk vel á síðasta ári. Þátttaka Þingiðnar í rekstrarkostnaði nam kr. 3.405.978,-.

Orlofs- og fræðslumál félagsmanna:

Aðildarfélag Skrifstofu stéttarfélaganna eiga mjög gott samstarf um orlofsmál. Hvað það varðar eru þau með sameiginlega orlofsnefnd sem vinnur að því að bjóða félagsmönnum upp á marga góða kosti varðandi orlofsdvöl og sífellt er unnið að því að auka framboðið. Framboð félagsmanna í gegnum orlofsvef stéttarfélaganna hefur verið stórukið með samningum við ferðaþjónustuaðila víða um land. Þannig vilja félögin stuðla að því að félagsmenn geti notið þess að fara í frí innanlands. Á síðasta ári dvaldi fjöldi félagsmanna ásamt fjölskyldum sínum í orlofshúsum, orlofsíbúðum, á



tjaldsvæðum og hótélum á vegum stéttarfélaganna. 14 félagsmenn Þingiðnar fengu endurgreiðslur vegna dvalar á tjaldsvæðum eða alls kr. 302.300,-. Félagið á eina íbúð í Þorrasölum 1-3 í Kópavogi og gengur rekstur hennar mjög vel. Útleiga á íbúðinni hefur gengið vel og hefur nýtingin verið mjög góð. Komið hefur verið upp hleðslustöð fyrir gesti íbúðar félagsins í Þorrasölum. Þá eru einnig til staðar tvær stöðvar á bílplaninu sem eru í eigu húsfélagsins. Á síðasta ári fengu 12 félagsmenn styrki úr Fræðslusjóði Þingiðnar til náms/námskeiða samtals kr. 1.146.726,-.

Stjórn Þingiðnar:

Þingiðn hefur á að skipa öflugri stjórn. Eftirtaldir gegna stjórnarstörfum fyrir félagið, Jónas Kristjánsson, Vigfús Þór Leifsson, Hólmgeir Hreinsson, Þórður Aðalsteinsson og Jónas Hallgrímsson.

Þingiðn – félagspeysa í boði

Félagsmönnum Þingiðnar stendur til boða að fá vandaða félagspeysu að gjöf frá félaginu. Áhugasömum er velkomið að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og þiggja peysu frá félaginu.



Trúnaðarmenn á námskeiði

Stéttarfélagin standa reglulega fyrir trúnaðarmanna námskeiðum. Eitt slíkt námskeið var haldið á Húsavík í vor. Að venju var þátttakan mjög góð þar sem rúmlega tuttugu trúnaðarmenn tóku þátt í námskeiðinu, þar af þrír frá Verkalýðsfélagi Þórshafnar. Félagsmálaskóli alþýðu sá um kennsluna. Leiðbeinendurnir komu frá Alþýðusambandi Íslands, þau Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir lögfræðingur ASÍ sem tók fyrir vinnurétt og Róbert Farestveit hagfræðingur ASÍ sem fjallaði um hagfræði og túlkun talna. Rúmlega þrjátíu trúnaðarmenn eru starfandi á félagssvæði stéttarfélaganna. Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga ber að kjósa einn trúnaðarmann þar sem starfa fleiri en 5 starfsmenn og tvo séu starfsmenn fleiri en 50. Stéttarfélagin leggja mikið upp úr því að hafa starfandi trúnaðarmenn á sem flestum vinnustöðum.



Öflugt lið trúnaðarmanna starfar víða á vinnustöðum á félagssvæði stéttarfélaganna.

Við leitum að ungu fólki til starfa

Framsýn leggur mikið upp úr því að halda uppi öflugum starfi innan félagsins er viðkemur ungum félagsmönnum. Innan félagsins er starfandi ungliðaráð sem skipað er félagsmönnum innan við 35 ára aldur. Ungliðarráðið hefur verið virkt og tekið þátt í fundum stjórnar og trúnaðarráðs félagsins auk þess að sitja ungliðafundi á vegum Starfsgreinasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands. Um er að ræða gefandi og skemmtilegt starf. Til stendur að endurnýja ráðið í haust. Ef þú ert yngri en 35 ára og hefur áhuga fyrir verkalýðsmálum er þetta kjörið tækifæri til að hafa áhrif og láta gott af sér leiða. Áhugasamir eru beðnir um að senda póst á netfangið kuti@framsyn.is.



Flugið bara fyrir félagsmenn

Rétt er að ítreka að afsláttarkjör stéttarfélaganna á flugi milli Húsavíkur og Reykjavíkur er einungis í boði fyrir félagsmenn þurfi þeir að fljúga milli landshluta með Flugfélaginu Erni.

Stéttarfélagin

Römpum upp Ísland

Römpum upp Ísland er ríflega tveggja ára gamalt verkefni, en því var formlega hleypt af stokkunum þann 11. mars 2021. Tilgangur verkefnisins er að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum á Íslandi. Það er Haraldur Þorleifsson, stjórnandi hjá Twitter og stofnandi hönnunarfyrirtækisins Ueno, sem er hvataður verkefnisins og hefur lagt í það mikla fjármuni úr eigin vasa. Einnig eru í stofnfé sjóðsins framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana sem vilja leggja sitt af mörkum til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra um allt land. Markmiðið fyrst var 1000 rampar um allt Ísland á 4 árum, núna er búið að hækka markmiðið í 1500 rampa á 4 árum og gengur verkefnið vonum framar enda málstaðurinn góður. Að sjálfsgöðu nær verkefnið til Húsavíkur og hefur römpum verið komið upp víða á Húsavík, þar á meðal við fundarsal stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26.



Stéttarfélagin eru þátttakendur í verkefninu „Römpum upp Ísland“. Aðgengi að fundarsal stéttarfélaganna hefur verið stórbætt fyrir hreyfihamlaðra.

Þeir fiska sem róa

Þessi ljúflingur, Bergur Jónmundsson, starfar hjá GPG-Fiskverkun á Húsavík sem verkstjóri auk þess að koma að gæðamálum hjá fyrirtækinu. Formaður Framsýnar hitti hann á bryggjunni á dögnum en Bergur sem er drengur góður var áður öflugur knattspyrnumaður með Völsungi.



Fjölmenn hátíðarhöld 1. maí

Mikið fjölmenni var á hátíðarhöldum stéttarfélaganna sem að þessu sinni fóru fram á Fosshótel Húsavíkur. Boðið var upp á kaffihlaðborð af bestu gerð frá hótelinu, hátíðarræðu, auk þess sem heimamenn í bland við góða gesti sáu um að skemmta gestum með mögnuðum tónlistaratriðum. Í upphafi hátíðarinnar spilaði Steingrímur Hallgrímsson Internationalinn. Hér koma nokkrar myndir sem fanga stemninguna sem var á hátíðarhöldunum.



Good scholarships available

Good scholarships are offered to members of the trade unions, Framsyn, Þingið and Starfsmannafélag Húsavíkur. More information in the Trade Unions Office.

Flys only for members

It should be reiterated that the unions' discount on flights between Húsavík and Reykjavík is only available to unions members, if they fly between regions with Flugfélagin Erni.

The trade unions

Wysokie stypendia dla naszych członków

Członkowie związków Framsyn, Þingið oraz Starfsmannafélag Húsavíkur mają prawo do wysokich dotacji do nauczania. Bliższe informacje w naszym biurze.

Loty tylko dla członków związkowych

Podkreślamy, że zniżki na loty pomiędzy Húsavíkiem a Reykjavíkiem są zarezerwowane wyłącznie dla naszych członków korzystających z połączenia liniami Ennir.

Związki zawodowe



2%

LAUNAHÆKKUN

Kynntu þér séreignarsparnað á
islandsbanki.is/sereignarsparnadur